



Fundargerð

3. fundur stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2016-2018, haldinn miðvikudaginn 18. maí 2016 kl.17:20 í sal C, á 3. hæð í Íþróttamiðstöð ÍSÍ

Mætt: Freyr Ólafsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Fríða Rún Þórðardóttir, Gunnar Svavarsson, Eiríkur Valsson. Helgi S. Haraldsson og Lovísa Hreinsdóttir voru í símasambandi. Lóa Björk Hallsdóttir, Sonja Sif Jóhannsdóttir og Björg Ágústsdóttir boðuðu forföll sem og Árni Þorsteinsson framkvæmdastjóri.

1. Boðun og dagskrá fundar

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna, boðun og dagskrá fundar var samþykkt.

2. Formleg samþykkt á atriðum sem hafa verið staðfest milli funda

Fundargerð frá 2. fundi stjórnar 11. maí 2016. Frestað til næsta fundar.

3. Yfirlit yfir stöðu, ábyrgð og framgang helstu verkefna

- Afreksstefna FRÍ: Áfram í vinnslu og mun berast til yfirlstrar mjög fljótlega (#37).
- Fastanefndamál:
 - Formaður hefur haldið áfram góðri samvinnu við formenn fastanefnda og gengur vel. Stefnt er að því að hafa nefndir því sem næst fullmannaðar á næsta fundi.
 - Samþykkt að auglýsa eftir tilnefningum í laus sæti: Lögfræðimenntaða konu í laganefnd og konu, helst 22ja ára eða yngri, í unglínganefnd.
- Umræður um afrekssjóðsfjármagn og upplýsingaflæði um greiðslur til íþróttamanna. Starfsnefnd vinnur málið fram að næsta fundi. (#42)
- Starfsnefnd um málefni skrifstofu sagði frá frágangi sinnar vinnu og nálgun. Stefnt að því að leggja fram tillögu á fundi eftir viku. Fundarmenn lýstu yfir ánægju með fagleg vinnubrögð nefndar og fyrstu hugmyndir. (#34)
- Rætt var um mikilvægi þess að taka fjárhagsstöðu á miðju tímabili. Stefna að milliuppgjöri þannig að aðilar innan hreyfingarinnar viti um stöðu sína gagnvart sambandinu. Mikilvægt er að allar forsendur í fjárhagsáætlun séu ljósar þar á meðal afstemming við sambandsaðila. (#42)
- Starfsnefnd vinnur áfram góðri vinnu um kostnaðarpáttöku í landsliðsverkefnum fram að næsta fundi 25. maí. Sumarið bíður með sínum mótum sem mikilvægt er fyrir íþróttafólk og félög að vita hver nálgun FRÍ verður. (#36)

4. Önnur mál

Starfsnefnd um málefni skrifstofu ræddi um þá hugmynd að auglýsa eftir sumarstarfsmanni í fréttabréfi. Nefnd heldur áfram störfum að fundi loknum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:30. Ritun fundargerðar: Freyr Ólafsson